

**ÞYNGDARMÆLINGAR  
Í MÝVATNSSVEIT**

**Gunnar V. Johnsen**

# **ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT**

**Gunnar V. Johnsen**

**Þessi skýrsla inniheldur frumgögn þyngdarmælinga af Kröflusvæði. Unnið er að frekari úrvinnslu gagnanna. Óheimilt er því að endurprenta eða endurvinnna gögn úr þessari skýrslu nema með skriflegu leyfi Orkustofnunar.**

Efnisyfirlit.

	Bls.
Inngangur	1
Almennt um þyngdarmælingar	3
Óregla í aflestri	6
Gæðamat mælinga	9
Heimildir	11



## INNGANGUR

Þyngdarmælir mælir aðdráttarkraft jarðar á þeim stað þar sem mælt er. Með endurteknum mælingum á sama stað með vissu millibili (t.d. nokkrir mánuðir, ár) má finna breytingar á þyngdargildi sem túlka má sem hæðar-breytingu og massabreytingu. Sé því hæðarmælt um leið og þyngdarmælt er má fá vissar hugmyndir um þær massabreytingar sem átt hafa sér stað. Við þyngdarbreytingar munu áhrif hæðarbreytinga yfirleitt veða mest. Minnsti aflestrarmunur á þyngdarmæli (1 eining  $\approx$  0.01 mgal) samsvarar um það bil 5 cm hæðabreytingu.

Í ágúst 1975 var sett út og mælt þyngdarmælinet, í Kröfluöskju. Þessar mælingar voru liður í jarðeðlisfræðilegum athugunum á Kröflusvæðinu í tengslum við fyrirhugaða virkjun svæðisins. Tilgangur þessara mælinga var að reyna að mæla massabreytingar, sem hugsanlega yrðu í tengslum við nýtingu jarðhitavökva úr háhitakerfinu í Kröfluöskju. Mælingar af þessu tagi hafa reynst vel erlendis (1) og meðal annars gefið upplýsingar um massabreytingar, nýtingu og endurnýjun jarðhitavökva.

Við þessar mælingar var notaður þyngdarmælir af LaCoste og Romberg gerð, nr. G-10, sem fenginn var að láni frá Army Topographic Command. Mynd 1 sýnir staðsetningu þessara mælipunkta. Í ráði var að hæðarmæla þessa sömu mælipunkta, en þar sem komið var haust og allra veðra von, var ákveðið að bíða með hæðarmælinguna fram á næsta sumar. 20. desember 1975 hófst síðan umbrotahrina í Kröfluöskju. Smáýægilegt eldgos varð við upphaf umbrotahrinunnar á sprungu norðan Leirhnjúks, veruleg gliðnun átti sér stað á sprungubeltinu gegnum Kröfluöskju og land seig á næstu vikum allt að 2.5 metrum (2). Þessar náttúruhamfarir breyttu verulega þeim forsendum sem byggja átti á við þyngdarmælingarnar.

Í mars 1976 var mælilína um Hlíðardal, sem sett var út 1974 vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda, hæðarmæld að nýju (3). Um leið var gerð tilraun til að þyngdarmæla í netinu frá ágúst 1975. Við þyngdarmælingarnar var notaður gamall þyngdarmælir af Worden gerð, nr. W-68. Við

úrvinnslu gagna kom í ljós að mælirinn var mjög óstöðugur og rek (drift) hans það mikið að hafna verður öllum niðurstöðum þessarar mæliferðar.

Í júní 1976 var aukið við mælinetið. Aftur var reynt að þyngdarmæla með Worden-þyngdarmælinum og tókst sýnu betur nú en í mars.

Í september 1976 fékk Orkustofnun nýjan þyngdarmæli af LaCoste og Romberg gerð, nr G-445. Var strax farið að þyngdarmæla með honum eða í lok september 1976. Þessi mælir G-445 hefur verið notaður við þyngdarmælingar í Mývatnssveit síðan.

Síðan umbrot hófust í sprungubeltinu gegnum Kröfluöskju, hefur með ýmsu móti verið reynt að fylgjast með þeim breytingum, sem átt hafa sér stað á svæðinu (4). Meðal annars hefur verið reynt að hæðarmæla og þyngdarmæla fyrir og eftir umbrotahrinur. Mynd 2 sýnir staðsetningu mælipunkta innan og í næsta nágrenni Kröfluöskju. Lína er dregin á milli mælipunkta, sem eru hæðarmældir. Mynd 3 sýnir til viðbótar fjarlægari þyngdarmælistöðvar. Verulegur kostur við þyngdarmælingarnar er, að einungis þarf einn mann til að sjá um þær (þrjá hjá hæðarmælingum), og hægt er að fara yfir mun stærra svæði en gerlegt þykir með hæðarmælingum, sbr. mynd 2 og mynd 3.

Með þyngdarmælingum í Mývatnssveit hefur tekist að fylgjast með landbreytingum á víðáttumiklum svæðum allt frá Gjástykki í norðri til Bláfjallgarðs í suðri. Úrvinnsla þyngdarmæligagna og túlkun með samanburði við hæðarmælingar er á frumstigi, en væntanlega verður unt að segja eitthvað um massabreytingar samfara umbrotahrinunum er fram líða stundir. Þyngdarkort (Bouguer kort) í frumúrvinnslu, hefur verið birt af svæðinu (5).

Þessari skýrslu er aðallega ætlað að koma grunnúrvinnslu þyngdarmæligagna á blað ásamt mati á gæði mælinga. Einnig verður fjallað í stuttu máli almennt um þyngdarmælingar, framkvæmd þeirra, nákvæmni og skekkjur.

### Almennt um þyngdarmælingar

Við úrvinnslu þyngdarmæligagna er nauðsynlegt að leiðrétta mæld þyngdargildi fyrir áhrifum frá aðráttarafli tungls og sólar, þ.e. flóð og fjara í fastri jörð (earth tide correction). Flóðaleiðréttingartöflur eru reiknaðar í tölvu með forskrift, sem fengin var frá Gunnari Þorbergsyni og byggist hún á aðferð Longmans (6). Tafla 1 sýnir dæmigerða slíka töflu.

Þegar mælt er með þyngdarmæli hefst mæling í ákveðinni mælistöð og mælingu (mæliferð) lýkur þegar mælt hefur verið aftur í sömu upphafsmælistöð (viðmiðunarstöð). Þyngdarmælirinn er í eðli sínu óstöðugur þannig að ekki er víst að sami aflestur fáiast í fyrstu mælingu (opnun) og í síðari mælingu (lokun) á grunnstöð. Sá mismunur, rek (drift), sem verður á opnun og lokun er jafnað á línulegan hátt á mælitímann. Í löngum mæliferðum og þegar mælt er á mörgum mælistöðvum er nauðsynlegt að endurmæla á nokkrum mælistöðvum með vissu millibili. Þyngdarmælir á það til að reka (drift), ýmist samfelld eða í stökkum, þannig að nauðsynlegt er að reyna að fylgjast með slíku reki með endurmælingum. Löng mæliferð með "engu reki", sami aflestur við opnun og lokun (leiðrétt fyrir flóði) þarf ekki að vera góð mæliferð. Ýmsir t.d. Reilly (7) hafa ritað um úrvinnslu þyngdarmæligagna með tilliti til reks og endurmælinga. Við úrvinnslu gagna af Kröflusvæðinu hafa mælingar yfirleitt verið reiknaðar miðað við stystu mælingu frá grunnmælistöð (FM 5276 eða FM 5597) og alltaf með línulegu reki. Einstaka mælingar eru reiknaðar miðað við aðrar mælistöðvar ef samræmi hefur ekki verið í reki allan mælitímann.

Þyngdarmælirinn G-445, sem Orkustofnun fékk í september 1976 var nýr. Þótti fljótlega ljóst að rek hans væri mjög mikið. Gunnar Þorbergsson kvað þetta algengt meðal nýrra þyngdarmæla, þeir væru fyrst orðnir góðir hvað þetta varðar eftir nokkurra ára notkun. Mynd 4 sýnir aflestur (leiðrétt fyrir flóði) þyngdarmælisins í mælistöð FM 5276. Greinilegt er að þyngdarmælirinn er stöðugri nú en fyrsta árið sem hann var í notkun.

Rek þyngdarmælisins stafar af ýmsum orsökum og ber þar helst að nefna áhrif titrings og hita.

Titringur: Með titring er hér átt við allar hreyfingar sem verka á þyngdarmælinn. Ýmsir t.d. Hamilton et al. (8) hafa rannsakað rek þyngdarmæla sem fall af tíðni álagðs titrings. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að rek þyngdarmæla væri mest við 35-70 riða titring. Slíkur titringur er algengur í flugvélum og bílum. Til að reyna að forðast rek af þessum völdum er þyngdarmælirinn ávallt hafður í sérhönnuðum svamphlífðarkassa og annar svampur hafður að auki undir í flutningi. Vélsleði hefur verið notaður í vetrarferðum um Kröflusvæðið. Þrátt fyrir fyrrnefndan hlífðarbúnað er greinilegt af mynd 4, að rek þyngdarmælisins er mun meira að vetrarlagi en að sumarlagi.

Högg geta einnig valdið reki í þyngdarmælum, en sambandið milli högga og reks er ekki eins ljóst og milli titrings og reks. Högg koma einkum fyrir við flutning þyngdarmælis (holur í vegum, ósléttur og harður snjór) eða við mælingu (þyngdarmælir settur óvarlega niður). Rek af völdum slíkra högga virðist mjög óreglulegt.

Þegar mælibúnaður þyngdarmælisins hefur verið losaður, kemur stundum fyrir, að nálin situr föst. Ef nálin (mælibúnaðurinn) losnar ekki verður að gefa tækinu lítinn selbita (gentle tapping). Slík aðgerð getur valdið stökki í mælingu. Við mælingarnar verður að sýna þolinmæði.

Hiti: Þyngdarmælirinn, G-445, vinnur við stöðugan innri hita, 48.7°C. Honum er haldið við þennan hita með rafhlöðum. Skipta þarf því reglulega um rafhlöður, þegar mælt er. Þegar mæling hefst að morgni, er þyngdarmælirinn tekinn úr geymslu við > 20°C og settur út í lægri hita. Ýmsir, t.d. Cook (9) og Nakagawa (10) hafa ritað um áhrif ytri hitabreytinga á þyngdarmæla. Flestir komast að þeirri niðurstöðu að strax eða fljótlega eftir að fyrsta mæling hefst, byrjar verulegt rek í þyngdarmælum, um 0.04-0.06 mgal á klukkustund (4-6 aflestrareiningar á klukkustund). Þyngdarmælirinn verður síðan smám saman stöðugur aftur eftir 1/2 til 2 1/2 klukkustund.



Losun mælibúnaðar: Mæling hefst á því að þyngdarmælir er settur á þrífót og stilltur af í láréttu plani. Síðan er takka snúið til að losa innri mælibúnað þyngdarmælisins. Hipkin (11) telur rekið í upphafi mæliferðar koma almennt þegar mælibúnaður þyngdarmælis er losaður (unclamped), eftir að hafa verið læst í töluverðan tíma (klukkustundir).

Ekki skal lagt mat á hvor áhrifin eru meiri (hitamunur eða losun mælibúnaðar), en víst er, að verulegar óreglur eru oft (ekki alltaf) á þyngdarmælinum, G-445, við fyrstu mælingar hverju sinni. Í seinustu mæliferðum á Kröflusvæðinu hefur að mestu tekist að losna við þessi áhrif með því að láta þyngdarmælinn standa, tilbúinn til mælinga (unclamped), góða stund, áður en mæliferð hefst. Þetta tefur, en eykur áreiðanlega mælinga til muna.

### Óreglur í aflestri

Í þessum kafla verður fjallað um óreglur sem koma upp í einstökum aflestrum þyngdarmælisins og einnig óreglur, sem stafa af mismunandi tímasetningu mælinga innan sömu Kröfluferðar.

Kröfluaskjan og næsta nágrenni er á hreyfingu. Þegar mælt er á Kröflusvæðinu er reynt að endurmæla mælistöðvar öðru hvoru. Ef nokkrir dagar líða milli mælinga á sömu mælistöð getur hreyfing lands valdið því að mismunandi þyngdargildi fæst. Hreyfing lands á Kröflusvæðinu er mest um 5 cm á viku milli Leirhnjúks og virkjunarsvæðisins. Þessi hreyfing, 5 cm, samsvarar um það bil minnsta aflestrarmun á þyngdarmælinum (0.01 mgal).

Staða grunnvatns getur haft áhrif á aflestur þyngdarmælis. Mynd 5 sýnir þyngdarbreytingar í grunnmælistöð FM 5597. Á sama tíma varð vart við rennslistruflanir úr kaldavatnsholu á svæðinu. Hunt (1) telur breytingar af völdum grunnvatns, vera innan við 0.02 mgal, um 2 aflestrareiningar á þyngdarmæli. Þetta stemmir við mynd 5. Gera verður ráð fyrir því að jarðhitakerfi svæðisins geti tekið einhverjar breytingar, sérstaklega þar sem svæðið er á hreyfingu. Samband slíkra breytinga og þyngdarbreytinga er þó engan veginn augljóst.

Snjór getur í vissum tilfellum haft áhrif á mælt þyngdargildi. Mjög erfitt er að meta áhrif hans þar sem þykkt hans, þéttleiki og staðsetning miðað við mælistöð er misjöfn. Mesta breyting verður án efa milli mæliferða á vorin, þegar snjórinn er farinn að þjappast verulega og fyrstu mæliferðar að sumri (enginn snjór).

Jarðskjálftar geta haft verulega truflandi áhrif við þyngdarmælingar. Skipta ber jarðskjálftum í tvo hópa, nálæga og fjarlægja skjálfta. Þyngdarmælirinn er í eðli sínu lágtíðnis jarðskjálftamælir. Fjarlægir skjálftar valda oft verulegum truflunum í formi þess að mælibúnaður þyngdarmælisins sveiflast án afláts með stóru útslagi, þannig að oft er ógerningur að ná aflestri á þyngdarmælinum. Sérstaklega eru tvö dæmi um þetta minnisstæð.

Þegar jarðskjálftinn varð í Indónesíu í ágúst 1977 var sveiflan svo mikil og óregluleg, að ekki var hægt að þyngdarmæla í margar klukkustundir.

Í umbrotahrinunni í janúar 1978 (kvikuhlaup til norðurs í Kelduhverfi) var hreyfing lands svo mikil á tímabili að hallastillir þyngdarmælisins (líbellan) sveiflaðist verulega, mest í stefnu norður-suður.

Nálægir skjálftar og jafnvel gosóroi hafa ekki mjög truflandi áhrif á þyngdarmælinn, nema rétt á meðan skjálfti stendur yfir. Þetta stafar af því að þyngdarmælirinn dempar mjög hátíðniskjálfta. Skjálftar af þessu tagi gætu hugsanlega valdið reki í þyngdarmælinum.

Önnur tegund sveiflu og óreglulegri er sveifla, sem kölluð hefur verið úthafsalda (í samráði við Pál Einarsson). Þessi sveifla er áhrif frá lögðum sem fara framhá landinu og er mjög mismikil og oft óregluleg. Sveiflan er oft mun meiri að vetrarlagi en að sumarlagi. Mynd 6 sýnir sveiflu af völdum úthafsöldu. Þegar úthafsalda er áberandi veldur hún verulegum töfum við aflestur þyngdarmælis. Mynd 7 sýnir lengra tímabil. Á myndinni sjást greinilega áhrif fljóðs og fjöru. Flóða-leiðrétting (sbr. áður) er sýnd fyrir ofan útskrift þyngdarmælisins. Greinilega má sjá hvernig útslagið á þyngdarmælinum breytist (breidd útskriftar) vegna áhrifa úthafsöldu.

Sólskin getur einnig skapað vandræði við mælingar með þyngdarmæli. Ef sól nær að skína á hallastilli (líbellu) þyngdarmælisins, færist loftbólun til án þess að hallabreyting verði á þyngdarmælinum. Fylgjast verður vel með hallastillinum meðan á mælingu stendur og verja hann fyrir sólskini.

Vindur getur einnig haft veruleg áhrif á aflestur þyngdarmælisins. Erfitt er að segja til um hversu hvasst má vera til að hægt sé að mæla. Í raun er það oftast veðurhæð og kuldi, sem takmarka útiveru, frekar en sjálfa mælinguna. Tíðni vindhviða (þrýstibylgna) er breytileg og virðist hafa misjöfn áhrif á þyngdarmæli. Þannig getur oft verið erfiðara að mæla í fremur litlum, en óstöðugum vindi, heldur en í hvassviðri (innan vissra marka þó).

Undirstaða mælistöðva hefur sitt að segja um hvernig gengur að mæla. Mælistöð í lélegri klöpp þolir t.d. minna vindálag en mælistöð í góðri klöpp. Bestar eru þær mælistöðvar sem eru í traustri og sléttri klöpp, þannig að nálgast má mælistöðina úr öllum áttum til að skýla þyngdarmælinum. Því miður eru of fáar slíkar mælistöðvar á Kröflusvæðinu og stafar það af ýmsum ástæðum. Hraunin á svæðinu eru flest ung og því ekki mjög traust, mælistöðvar þurfa oft að liggja hátt (vegna snjóþunga) og margar mælistöðvar eru við vegi (truflun frá umferð).

### Gæðamat mælinga

Við mat á gæðum eða áreiðanleika þyngdarmælinga ber ýmislegt að hafa í huga, svo sem nákvæmni þyngdarmælis, rek, tímalengd mælingar og aðstæður við mælingarnar (sjá fyrri kafla).

Framleiðendur þyngdarmælisins gefa upp að aflestrarnákvæmni þyngdarmælisins sé  $\pm 0.01$  milligal ( $0.01 \text{ mgal} = 0.1 \mu\text{N/kg}$ ) og að rek hans sé minna en  $1 \text{ mgal}$  á mánuði (sbr. mynd 4). Ýmislegt annað (sjá fyrri kafla) veldur því að ónákvæmni getur orðið meiri. Hunt (1) segir að mælingar á sömu mælistöð með nokkurra daga millibili geti sýnt frávik allt upp í  $0.06 \text{ mgal}$ . Slíkt ósamræmi hefur sést á Kröflusvæðinu en er ekki algengt.

Gæðamat það, sem sýnt er með mældum þyngdargildum í næsta kafla, byggist á mati á reki þyngdarmælisins og tímalengd mæliferðar (tími frá opnun til lokunar mælingar).

Gæði mælinga hafa verið sett í fjóra flokka. Mynd 8 sýnir þessa flokka og hvernig þeir takmarkast af reki þyngdarmælis og tímalengd mæliferðar. Þessi flokkun er í raun mjög ófullkomin og jafnvel mætti segja að hún sé ósanngjörn á köflum, t.d. er ekki tillit tekið til fjölda endurmælinga, hvorki endurmælinga innan sömu mæliferðar né endurmælinga síðar. Matið byggist á tölum miðað við grunnstöðvar (FM 5276 eða FM 5597). Einungis örfáar mælingar eru reiknaðar frá öðrum mælistöðvum.

Til skýringar á mynd 8 er rétt að nefna fáein atriði um þessa flokka.

1. Mjög góð mæling. Hámarks tímalengd mæliferðar er 4 klukkustundir og hámarks rek þyngdarmælis má vera rúmlega 1 eining á klukkustund (1 eining  $\approx 0.01 \text{ mgal}$ ).
2. Góð mæling. Hámarks tímalengd mæliferðar er 7 klst. Hámarks rek þyngdarmælis má vera 3 einingar.
3. Sæmileg mæling. Hámarks tímalengd mæliferðar er 11 klst. Hámarks rek þyngdarmælis má vera 6 einingar.
4. Léleg mæling. Tímalengd mæliferðar er ekki takmörkuð. Í þessum flokki eru t.d. allar mælingar með rek meira en 6 einingar

og taka lengri tíma en 11 klst. Allar mælingar sem á einhvern hátt hafa mislukkast, án þess þó að vera ónýtar, teljast í þessum flokki.

Einn flokk mætti hafa með hér til viðbótar en það er flokkur ónýtra mælinga. Þær hafa þó ekki verið skráðar.

Lýsa má þessum flokkum með líkingum þar sem rek er sýnt sem fall tíma.

$$d_1 = 4/3 - 1/3 \cdot t$$

$$d_2 = 7/4 - 1/4 \cdot t$$

$$d_3 = 11/5 - 1/5 \cdot t$$

Þar sem  $d$  er rek þyngdarmælis (drift), en  $t$  tími í klukkustundum.

Flokkaskiptingin verður þá ( $F_1, F_2, F_3, F_4$ ):

$$F_1 < d_1$$

$$d_1 \leq F_2 < d_2$$

$$d_2 \leq F_3 < d_3$$

$$d_3 \leq F_4$$

Í upptalningunni hér á eftir eru stundum gefnar upp tvær tölur. Fyrri talan er mat á gæðum þess flokks, sem mælingin er reiknuð út frá, en síðari talan miðast við endurmælingu innan mæliferðar.


Öll uppgefin þyngdargildi eru miðuð við FM 5224 (á Húsavíkurflugvelli), þ.e. tengd landsneti þyngdarmælinga (Íslenska Potsdamkerfinu (12)). Fram að apríl 1977 var FM 5276 notuð sem viðmiðun (FM 5276 er í landsnetinu), en eftir það er leiðrétt fyrir þyngdarbreytingum milli FM 5224 og FM 5276. Tölulega eru því uppgefin þyngdargildi miðuð við FM 5276 + breytingin á FM 5224 - FM 5276 hverju sinni.

Heimildir

1. Trevor M. Hunt, 1977; Recharge of Water in Wairakei Geothermal Field Determines From Repeat Gravity Measurements. N.Z. Journal of Geology and Geophysics Vol. 20, No. 2: 303-317.
2. Oddur Sigurðsson, 1977; Náttúruhamfarir í Þingeyjarþingi. Týli 6: 3-20.
3. Gunnar Þorbergsson og Ásgeir Gunnarsson, 1977; Hæðarmælingar við Kröflu 1976. OS-ROD-7712.
4. Axel Björnsson, 1976; Jarðhræringar við Kröflu, Náttúrufr. 46: 177-240.
5. Gunnar V. Johnsen, 1978; Þyngdarmælingar við Kröflu, Áfangaskýrsla, OS JHD 7824.
6. I.M. Longman, 1958; Formulas for Computing the Tidal Accelerations Due to the Moon and the Sun. Journal of Geophysical Research, Vol. 64: 2351-2355.
7. W.I. Reilly, 1970; Adjustment of gravity meter observations. N.Z. Journal of Geology and Geophysics 13: 697-702.
8. Angus C. Hamilton and Bernard G. Bruté, 1967; Vibration - Induced Drift in LaCosta and Romberg Geodetic Gravimeters. Journal of Physical Research. Vol. 72. No. 8: 2187-2197.
9. A.H. Cook, 1952; An investigation of the errors of some recent gravimeter observations, Mon. Not. R. astr. Soc., Geophys. Suppl., 6: 194-208.
10. I. Nakagawa, 1975; An characteristics of LaCosta and Romberg gravimeters (Model G). Paper presented in Genoble to the XVI General Assambly, IAG, 1975.
11. R.G. Hipkin, 1978; A microgravimetric network for secular gravity studies in Scotland; Geophys. J.R. astr. Soc. 52: 383-396.

12. Guðmundur Pálmason, Tor H. Nilsen og Gunnar Þorbergsson, 1973;  
Gravity Base Station Network in Iceland 1968-1970. Jökull 23. árg.,  
bls 70-125.





Mynd I




ORKUSTOFNUN  
Jörðhitadeild

Þyngdarmælistöðvar í Ágúst 1975


GVJ/IS  
781016  
J-Krafla  
F-17729

MYVATN  
277 m





Mynd 2




MYVATN  
277

 <b>ORKUSTOFNUN</b> Jarðhitadeild <b>Þyngdar-og hæðarmælistöðvar á          Kröflusvæðinu</b>	GVI/IS
	78 09 06
	J-Krafla
	F-17730




Grundkort





Mynd 4

Rek G-445













Þyngdarmæling í FM 5597

Mynd 5










Mynd 6





Mynd 7





Mynd 8


**ORKUSTOFNUN**  
 Jarðhitadeild

Gæðamat mælinga

GVJ/SyJ  
 78-09-26  
 Krafli  
 F17693





Taflo I

EARTH TIDE CORRECTION OF GRAVITY IN 1/100 MILLIGALS AT LATITUDE 6540.0 NORTH, LONGITUDE 1645.0 WEST  
 TIME IS LOCAL CIVIL TIME (TIME CORRECTION 0 HOURS ADDED GIVES GREENWICH MEAN TIME). SEPTENN. 1978

TIME	00	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
D 01	-7	-7	-8	-8	-8	-9	-8	-7	-6	-4	-3	-1	-1	-1	-2	-3	-5	-6	-8	-8	-9	-8	-8	-7
A 02	-7	-7	-7	-8	-8	-9	-9	-8	-7	-6	-4	-3	-2	-2	-2	-3	-5	-6	-8	-9	-9	-9	-8	-7
Y 03	-7	-6	-6	-7	-7	-8	-9	-9	-8	-7	-6	-5	-3	-3	-3	-4	-5	-6	-8	-9	-9	-9	-8	-7
D 04	-6	-6	-5	-6	-6	-7	-8	-9	-9	-8	-7	-6	-5	-4	-4	-4	-5	-7	-8	-9	-9	-9	-8	-7
A 05	-6	-5	-5	-5	-5	-6	-7	-8	-8	-8	-8	-7	-6	-6	-5	-5	-6	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-7
Y 06	-6	-5	-4	-4	-4	-4	-5	-6	-7	-8	-8	-8	-7	-7	-6	-6	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-8
D 07	-6	-5	-4	-4	-4	-4	-5	-6	-7	-8	-8	-8	-7	-7	-6	-6	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-8
A 08	-7	-5	-4	-3	-3	-3	-4	-4	-6	-6	-6	-7	-7	-7	-8	-8	-8	-9	-9	-10	-10	-10	-10	-9
Y 09	-8	-6	-5	-3	-2	-1	-1	-1	-2	-3	-4	-5	-6	-7	-8	-8	-9	-9	-10	-10	-10	-10	-10	-9
D 10	-8	-7	-6	-4	-3	-2	-1	0	0	-1	-2	-3	-4	-6	-7	-8	-9	-10	-10	-10	-10	-10	-10	-10
A 11	-9	-8	-7	-6	-5	-3	-2	0	0	0	0	-1	-3	-4	-6	-8	-9	-10	-10	-10	-10	-10	-10	-10
Y 12	-10	-9	-9	-8	-7	-5	-3	-2	-1	0	0	0	-1	-3	-5	-7	-9	-10	-11	-11	-11	-11	-11	-10
D 13	-10	-10	-10	-9	-8	-7	-6	-4	-2	-1	0	0	-1	-2	-4	-6	-8	-9	-10	-11	-11	-11	-11	-9
A 14	-9	-9	-10	-10	-10	-9	-8	-7	-5	-3	-2	-1	-1	-2	-3	-5	-7	-9	-10	-11	-11	-11	-11	-9
Y 15	-8	-9	-9	-10	-10	-10	-10	-9	-7	-6	-4	-3	-2	-2	-4	-5	-7	-9	-10	-11	-11	-11	-11	-9
D 16	-7	-7	-8	-8	-9	-10	-10	-10	-9	-8	-6	-5	-4	-4	-4	-5	-7	-8	-10	-10	-10	-10	-10	-7
A 17	-6	-6	-6	-7	-8	-9	-10	-10	-10	-9	-8	-7	-6	-5	-5	-6	-7	-8	-9	-10	-10	-10	-10	-8
Y 18	-6	-5	-4	-5	-6	-7	-8	-9	-10	-10	-9	-8	-7	-6	-6	-6	-7	-8	-9	-10	-10	-10	-10	-8
D 19	-5	-4	-3	-3	-4	-5	-6	-8	-8	-8	-9	-9	-8	-8	-7	-7	-7	-8	-9	-9	-10	-10	-10	-7
A 20	-5	-4	-3	-2	-2	-3	-4	-5	-7	-8	-8	-8	-8	-8	-8	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-8
Y 21	-5	-4	-3	-2	-1	-2	-3	-4	-5	-6	-7	-8	-8	-8	-8	-8	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-8
D 22	-6	-4	-3	-2	-1	-2	-2	-4	-5	-6	-7	-7	-8	-8	-8	-8	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-8
A 23	-6	-4	-3	-2	-1	-1	-1	-2	-3	-4	-5	-6	-7	-7	-7	-8	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-8
Y 24	-7	-6	-5	-4	-3	-2	-1	-1	-1	-2	-2	-4	-5	-6	-7	-7	-8	-8	-8	-8	-8	-8	-8	-7
D 25	-7	-6	-6	-5	-4	-3	-2	-1	-1	-1	-2	-3	-4	-5	-6	-7	-8	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-7
A 26	-7	-7	-6	-6	-5	-4	-3	-2	-2	-1	-1	-2	-3	-4	-6	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-7
Y 27	-7	-7	-7	-7	-6	-5	-5	-3	-2	-2	-2	-2	-3	-4	-5	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-7
D 28	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-6	-5	-4	-3	-2	-2	-3	-4	-5	-6	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-6
A 29	-6	-6	-7	-7	-8	-8	-7	-7	-5	-4	-3	-3	-4	-4	-5	-6	-7	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-6
Y 30	-6	-6	-6	-7	-8	-8	-8	-8	-7	-6	-5	-4	-4	-4	-5	-6	-8	-9	-9	-9	-9	-9	-9	-5

SKRIFA: AR, MANUD, UPFHAFSTIAG, LOKADAG, GMT-STADARTIMI (INKLST), Y-HNIT, X-HNIT  
 DAEMI: 1978, 6, 10, 30, 0, 6540.0, -1645.0  
 : °C



ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í ágúst 1975

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Mælt með LaCoste og Romberg þyngdarmæli, G-10

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

FM115	-15.01	28.08	4						
5602	-14.79	28.08	4						
5601	-14.40	28.08	4						
5600	-15.40	28.08	4						
5599	-15.05	28.08	4,	-15.05	28.08	4			
5598	-26.83	28.08	4,						
5597	-28.09	28.08	4,	-28.08	28.08	4,	-28.09	29.08	4,
	-28.09	29.08	4						
5596	-29.62	28.08	4,	-29.60	29.08	4			
5595	-45.41	28.08	4,	-45.43	30.09	4			
5686	-32.89	30.08	4						
5687	-38.42	30.08	4						
5688	-28.53	30.08	4						
5689	-38.57	30.08	4						
5675	-28.54	29.08	4,	-28.57	30.08	4			
5676	-37.85	29.08	4						
5677	-41.23	29.08	4						
5678	-37.77	29.08	4						
5679	-30.68	29.08	4						
5680	-42.63	29.08	4						
5681	-43.01	29.08	4						
5590	-54.25	29.08	4						
5670	-43.24	28.08	4						
5671	-44.30	28.08	4						
5672	-66.72	28.08	4						

5673	-62.39	28.08	4
5674	-62.30	28.08	4
5690	-49.59	30.08	4
5682	-40.37	30.08	4
5683	-31.87	30.08	4
5684	-60.60	30.08	4
5685	-63.00	30.08	4
5691	-49.99	30.08	2

ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í júní 1976

Mælt með Worden mæli, W-68

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

FM115	-15.04	20.06,	1		
5597	-27.93	20.06,	1,	-27.94	20.06, 1
5595	-45.44	22.06,	4		
5591/60	-47.63	18.06,	3;	5591 er því:	-47.46
5687	-38.28	16.06,	4		
5688	-28.35	16.06,	4		
VST	-28.72	16.06,	4		
5677	-41.04	16.06,	4		
5678	-37.51	16.06,	4		
5679	-30.33	16.06,	4		
5680	-42.58	16.06,	4		
5681	-42.88	16.06,	4		
5590/60	-53.84	16.06,	4;	5590 er því:	-53.93
9784	-42.10	16.06,	4		
5670	-43.31	22.06,	4		
5671	-44.60	22.06,	4		
5672	-67.17	22.06,	4		
5673	-62.76	22.06,	4		
5674	-62.59	22.06,	4		
9785	-54.81	22.06,	4		
5682	-40.26	14.06,	1,	-40.26	18.06, 3
5683	-31.82	14.06,	1,	-31.84	18.06, 3
5684	-60.76	14.06,	1,	-60.77	18.06, 3
5685	-63.29	14.06,	1,	-63.10	18.06, 3
5691	-50.17	13.06,	4		

ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í sept.-okt. 1976

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

5276	-21.25	02.20	3	miðað við FM 5277 (Grímsstaðir)			
5604	- 2.56	28.09	4				
5412	- 7.86	28.09	4				
5603	- 7.97	28.09	4				
FM188	-14.53	28.09	4				
9797	-16.46	04.10	4				
9796	-15.01	04.10	4				
FM115	-14.96	04.10	4				
5699	-14.79	04.10	4				
5698	-14.99	04.10	4				
5697	-15.25	04.10	4				
5600	-15.36	04.10	4				
5599V	-15.03	04.10	4				
5598	-26.75	01.10	3,	-26.71	04.10	4	
5597	-27.92	29.09	3,	-27.91	01.10	1,	-27.895 02.10 4,
	-27.91	04.10	4,	-27.90	06.10	2,	-27.93 07.10 4
5596	-29.41	04.10	4				
5595	-45.22	02.10	4				
5591	-47.31	30.09	4				
5686	-32.69	04.10	4				
5687	-38.16	06.10	1				
5688	-28.31	07.10	4				
5676	-37.61	06.10	1				
5677	-40.97	02.10	4,	-40.94	05.10	3	
5678	-37.64	30.09	4,	-37.64	05.10	3	
5679	-30.58	30.09	4				

5680	-42.40	06.10	1
5681	-42.76	06.10	1
5590	-53.95	05.10	3
9784	-42.00	02.10	4
5670	-43.12	02.10	4
5671	-44.29	02.10	4
5672	-66.80	02.10	4
5673	-62.50	05.10	3
5674	-62.34	05.10	3
9785	-56.79	02.10	4
5682	-40.19	05.10	3
5683	-31.68	05.10	3
5684	-60.60	05.10	3
5685	-63.01	05.10	3
9786	-62.76	05.10	3
KL1	-40.15	29.09	3
KL2	-34.41	29.09	3
KL3	-31.67	29.09	3
KL4	-29.16	01.10	3
KL5	-34.45	01.10	3
KL6	-31.14	03.10	4
KL8	-44.50	30.09	4
KK1	-22.78	28.09	4
KK2	-11.00	28.09	4
KK3	-18.14	28.09	4
KS1	-15.28	03.10	4
KS2	-16.02	03.10	4
KS3	- 2.84	28.09	4
KV1	-41.55	05.10	3
KV2	-41.91	06.10	1
KV3	-44.61	05.10	3

KV4	-43.66	30.09	4
KV5	-39.24	30.09	4
KV6	-39.93	30.09	4
KV7	-42.75	05.10	3
KV8	-41.00	01.10	4
KV9	-40.20	05.10	3
KV10	-36.53	30.09	4
KV11	-35.55	30.09	4
KV12	-43.77	30.09	4
KV13	-43.85	06.10	1
KV14	-18.97	04.10	2
KB1	-32.59	04.10	4
KB2	-45.81	07.10	4
KB3	-42.18	06.10	4
KB4	-43.85	07.10	4
KB5	-46.15	07.10	4
KB6	-39.67	04.10	4
KB8	-28.07	07.10	4
KB10	-33.64	06.10	1
KN1	-44.50	05.10	3
KN2	-42.52	05.10	3
KN3	-44.44	02.10	4
KN4	-42.72	02.10	4
KN5	-44.52	02.10	4
KN6	-46.87	02.10	4
KN7	-42.99	02.10	4
KG1	-43.67	02.10	4
KG2	-52.89	05.10	3
KG3	-61.44	05.10	3
KA1	-64.68	05.10	3
KA2	-40.64	05.10	3



ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í nóvember 1976

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

FM115	-14.98	11.11	3						
5697	-15.25	11.11	3						
5598	-26.69	09.11	3						
5597	-27.86	02.11	3,	-27.86	07.11	4.2,	-27.87	09.11	3
	-27.88	11.11	3,	-27.89	12.11	3,	-27.90	14.11	1
5596	-29.39	05.11	4						
5595	-45.19	11.11	2						
5591	-47.29	12.11	3						
5688	-28.28	02.11	2						
5677	-40.88	10.11	4,	-40.87	12.11	3			
5678	-37.57	10.11	4						
5681	-42.71	03.11	3						
5590	-53.91	12.11	3						
9784	-41.95	10.11	4						
5671	-44.28	11.11	2						
5672	-66.82	11.11	2						
9785	-56.85	11.11	2						
KL1	-40.11	13.11	2						
KL2	-34.43	13.11	2						
KL3	-31.68	13.11	2						
KL4	-29.11	09.11	3						
KL5	-34.41	09.11	3						
KK1	-22.75	07.11	4						
KK2	-10.98	09.11	3						
KK3	-18.14	09.11	3						

KS1	-15.26	11.11	3			
KS2	-16.03	12.11	2			
KS3	- 2.82	12.11	2			
KV1	-41.45	03.11	3			
KV3	-44.60	03.11	3			
KV4	-43.59	03.11	3			
KV5	-39.13	03.11	3			
KV6	-39.86	03.11	3			
KV7	-42.59	03.11	3			
KV8	-40.92	03.11	3,	-40.96	10.11	4
KV9	-40.21	10.11	4			
KV12	-43.60	03.11	3			
KV13	-43.78	03.11	3			
KV14	-18.98	07.11	4			
KB1	-32.69	05.11	4			
KB2	-45.83	11.11	2			
KB3	-42.17	05.11	4			
KB8	-28.03	05.11	4			
KB9	-33.76	05.11	4,	-33.76	07.11	4
KN1	-44.45	12.11	3			
KN2	-42.51	10.11	4			
KN3	-44.46	10.11	4			
KN4	-42.67	10.11	4			
KN5	-45.55	10.11	4			
KN6	-46.91	10.11	4			
KN7	-42.99	10.11	4			
GJ1	-32.18	04.11	4			
GJ2	-22.93	04.11	4			
GJ3	-16.70	04.11	4			
GJ4	-17.45	04.11	4			
KG1	-43.63	11.11	2			

DYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í desember 1976

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlið)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

FM115	-14.98	10.12	2						
5697	-15.26	12.12	2						
5598	-26.74	10.12	2						
5597	-27.925	08.12	2.1,	-27.925	09.12	1.3,	-27.925	12.12	2.3
	-27.925	13.12	3						
5596	-29.42	09.12	3						
5595	-45.24	12.12	2						
5677	-40.91	11.12	2,	-40.92	13.12	2			
5681	-42.79	12.12	2						
9784	-41.97	13.12	2						
KG1	-43.63	13.12	2						
KV13	-43.79	13.12	2						
KB3	-42.19	09.12	3						
KB8	-28.07	09.12	3						
KB10	-33.68	09.12	3,	-33.66	10.12	2,	-33.70	12.12	2

ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEITI

Lokaniðurstaða í jan.byrrjun 1977

Viðmiðun: FM 5224 (Húsavíkurflugvöllur)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

5276	-88.80	07.01	1							
FM115	-15.03	10.01	2,	-15.02	18.01	3				
5699	-14.87	10.01	2							
5698	-15.07	10.01	2							
5697	-15.29	10.01	2							
5600	-15.38	10.01	2							
5599V	-15.08	10.01	2							
5598	-26.79	10.01	1							
5597	-27.96	07.01	2,	-27.96	10.01	2,	-27.96	11.01	1,	
	-27.96	12.01	1,	-27.97	15.01	1.2,	-27.97	18.01	2.3,	
	-27.97	19.01	1.2,							
5596	-29.45	10.01	2,	-29.45	15.01	1				
5595	-45.26	19.01	4							
5679	-30.58	17.01	2							
5681	-42.81	18.01	1							
9784	-42.03	16.01	3,	-41.99	18.01	4				
5671	-44.30	07.01	4,	-44.30	19.01	4				
5672	-66.86	07.01	4,	-66.82	08.01	4				
5673	-62.50	19.01	4							
5674	-62.32	19.01	4							
9785	-56.87	07.01	4							
5684	-60.58	19.01	4							
5685	-62.97	19.01	4							
9786	-62.74	19.01	4							
5691	-49.99	13.01	2							

KL1	-40.12	17.01	3						
KL2	-34.46	17.01	3						
KL3	-31.70	17.01	3,	-31.71	18.01	4			
KL6	-31.18	18.01	4						
KK1	-22.80	10.01	2,	-22.77	18.01	3,	-22.78	18.01	3
KK2	-10.98	18.01	3,	-10.97	18.01	3			
KS4	-16.58	19.01	2						
KV6	-39.94	17.01	2						
KV7	-42.74	18.01	4						
KV8	-41.01	18.01	4						
KV9	-40.26	17.01	2						
KV10	-36.54	17.01	2,	-36.54	18.01	4			
KV11	-35.57	17.01	2						
KV12	-43.69	18.01	4						
KV13	-43.87	18.01	1						
KB3	-42.33	15.01	1						
KB10	-33.72	07.01	4,	-33.70	10.01	2,	-33.68	15.01	1,
	-33.66	16.01	3						
KN1	-44.48	18.01	4						
KN3	-44.45	18.01	4						
KN4	-42.73	18.01	4						
KN5	-44.55	18.01	4						
KN6	-46.87	18.01	4						
KN7	-42.97	18.01	4						
GJ1	-32.22	08.01	4						
GJ3	-16.74	08.01	4						
GJ4	-17.50	08.01	4						
GJ5	-22.78	08.01	4						
KG1	-43.66	07.01	4						

ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða síðari hluta jan. 1977

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

5603	- 7.95	30.01	3						
FM115	-14.99	22.01	4,	-15.01	28.01	2,	-14.99	28.01	2
5598	-26.75	28.01	3						
5597	-27.94	24.01	1.4,	-27.945	26.01	1			
5595	-45.21	24.01	3						
5679	-30.60	24.01	2						
9784	-42.00	24.01	3						
5673	-62.47	28.01	3						
5684	-60.57	28.01	3						
5685	-62.96	28.01	3						
9786	-62.75	28.01	3						
5691	-50.00	28.01	3						
KL1	-40.14	28.01	2						
KL2	-34.46	28.01	2						
KL3	-31.71	28.01	2						
KK1	-22.79	22.01	4,	-22.79	26.01	1,	-22.80	26.01	1
	-22.77	30.01	3						
KS4	-16.61	28.01	2						
KS5	-22.67	28.01	2						
KV6	-39.92	24.01	2						
KV8	-40.98	24.01	2						
KV9	-40.26	24.01	2						

KV10	-36.55	24.01	2			
KV11	-35.59	24.01	2			
KV13	-43.82	27.01	4			
KN1	-44.49	24.01	2			
KN3	-44.47	24.01	2			
KN4	-42.72	24.01	2			
KN5	-44.57	24.01	3			
KN6	-46.91	24.01	3,	-46.93	27.01	4
KN7	-42.99	24.01	3,	-42.99	27.01	4
KN8	-35.15	27.01	4			
KN9	-36.02	27.01	4			
GJ1	-32.25	27.01	4			
GJ4	-17.53	27.01	4			
GJ5	-22.70	27.01	4			
KA3	-38.53	28.01	3			

ÞYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í febr.-mars 1977

Viðmiðun: FM 5276 (Reynihlíð)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

5604	- 2.55	10.03	2						
6412	- 7.84	10.03	2						
5603	- 7.96	10.03	2,	- 7.95	12.03	3			
FM115	-15.01	26.01	3,	-14.99	01.03	3,	-15.00	05.03	3
	-14.99	09.03	3,	-14.98	10.03	2			
5699	-14.82	10.03	2						
5698	-15.05	10.03	2						
5697	-15.26	01.03	4,	-15.24	10.03	2			
5600	-15.39	10.03	2						
5599V	-15.11	26.02	3,	-15.07	01.03	4,	-15.07	10.03	2
5598	-26.78	04.03	4						
5597	-27.98	26.02	2,3,	-27.99	27.02	2,	-27.985	28.02	3,
	-27.985	01.03	2,	-27.98	03.03	3,	-27.995	04.03	4,
	-27.995	06.03	2,	-28.00	08.03	3,	-27.985	09.03	3,
	-27.995	10.03	2,	-27.995	12.03	3,	-28.00	13.03	2
5596	-29.56	28.02	3						
5595	-45.29	28.02	3,	-45.27	03.03	3,	-45.30	12.03	3
5688	-28.40	28.02	3						
5677	-40.99	01.03	3,	-41.01	03.03	3,	-41.02	09.03	3
5679	-30.62	01.03	3,	-30.62	05.03	3			
5681	-42.81	01.03	3,	-42.83	09.03	3			
9784	-42.04	28.02	2,	-42.04	01.03	2,	-42.04	01.03	3,
	-42.06	05.03	3,	-42.06	05.03	3,	-42.06	09.03	3,
	-42.06	10.03	2						



5671	-44.33	03.03	3						
5672	-66.89	05.03	3						
5673	-62.52	04.03	4						
5674	-62.33	05.03	3						
9785	-56.89	04.03	4,	-56.87	05.03	3			
5684	-60.59	04.03	4						
5685	-63.00	04.03	4						
9786	-62.79	04.03	4						
5691	-50.00	04.03	4						
KL1	-40.15	05.03	3						
KL2	-34.46	05.03	3						
KL3	-31.73	05.03	3						
KL5	-34.49	13.03	2						
KL6	-31.21	01.03	3						
KK1	-22.82	26.02	3,	-22.80	01.03	4,	-22.80	09.03	3,
	-22.78	10.03	2						
KK2	-10.97	10.03	2						
KS1	-16.05	12.03	3						
KS4	-16.58	05.03	3						
KS5	-22.66	05.03	3						
KV2	-41.98	13.03	2						
KV3	-44.72	13.03	2						
KV4	-43.71	13.03	2						
KV5	-39.30	13.03	2						
KV6	-39.96	01.03	3,	-39.96	01.03	3,	-39.98	13.03	2
KV7	-42.79	01.03	3						
KV8	-41.03	01.03	3,	-41.07	13.03	2			
KV9	-40.28	01.03	3						
KV10	-36.57	01.03	3						
KV11	-35.59	01.03	3,	-35.60	05.03	3			
KV12	-43.74	05.03	3						
KV13	-43.87	01.03	3,	-43.88	09.03	3,	-43.88	13.03	3

KB2	-45.90	28.02	3,	-45.89	03.03	3,	-45.90	05.03	3,
	-45.92	12.03	3						
KB3	-42.27	28.02	3,	-42.27	09.03	3,	-42.28	12.03	3
KB4	-43.94	28.02	3,	-43.92	03.03	3,	-43.93	05.03	3,
	-43.95	12.03	3						
KB5	-46.20	28.02	3,	-46.19	03.03	3,	-46.19	05.03	3,
	-46.21	12.03	3						
KB6	-28.36	08.03	1						
KB10	-33.73	28.02	3,	-33.73	01.03	3,	-33.73	03.03	3,
	-33.73	08.03	1,	-33.73	09.03	3,	-33.74	12.03	3,
	-33.74	12.03	3						
KN1	-44.54	05.03	3						
KN3	-44.50	27.02	4						
KN4	-42.74	01.03	3,	-42.77	09.03	3			
KN5	-44.63	28.02	2,	-44.63	09.03	3			
KN6	-46.95	28.02	2,	-46.95	28.02	2,	-46.95	09.03	3
KN7	-43.01	28.02	2						
KN8	-35.16	28.02	2						
KN9	-36.03	28.02	2						
KN10	-35.90	28.02	2						
GJ1	-32.28	28.02	2,	32.28	28.02	2			
GJ3	-16.79	28.02	2						
GJ4	-17.54	28.02	2						
GJ5	-22.73	28.02	2						
KG1	-43.67	03.03	3						
KA3	-38.62	04.03	4						

PYNGDARMÆLINGAR Í MÝVATNSSVEIT

Lokaniðurstaða í apríl-maí 1977

Viðmiðun: FM 5224 (Húsavíkurflugvöllur)

Stöð, þyngdargildi, dagsetning, gæðaflokkur

5276	-88.85	03.05	2,	-88.84	05.05	1			
5604	- 2.59	29.04	2						
6412	- 7.91	29.04	2						
5603	- 7.81	29.04	2,	- 7.80	30.04	3,	- 7.81	03.05	1
FM115	-15.07	29.04	2,	-15.05	30.04	3,	-15.06	03.05	1
5699	-14.88	29.04	2						
5698	-15.10	29.04	2						
5697	-15.30	29.04	2,	-15.29	30.04	3			
5600	-15.42	29.04	2						
5599V	-15.10	29.04	2						
5598	-26.79	30.04	3						
5597	-27.93	28.04	1.2,	-27.945	29.04	2,	-27.945	30.04	2,
	-27,955	01.05	4,	-27.955	03.05	1.2,	-27.965	04.05	1,
	-27.96	05.05	1						
5596	-29.42	30.04	1						
5679	-30.65	02.05	2						
5681	-42.74	30.04	3						
9784	-41.99	30.04	3,	-42.00	02.05	,2			
5671	-44.32	01.05	4.1						
KL1	-40.05	01.05	4.3						
KL2	-34.34	01.05	4.3						
KL3	-31.65	01.05	4.3						
KL5	-34.38	01.05	4.3						
KL6	-31.26	01.05	4.3						

